



4. Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi.

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjalandskóla, hefur um langt árabil verið mikilvirkur í fræðslu- og félagsstarfi. Hann hefur starfað m.a. sem fræðslustjóri Bandalags íslenskra skáta, forstöðumaður félagsmiðstöðvar, kennari og aðstoðarskólastjóri. Árið 2001 var hann ráðinn sem skólastjóri við Laugarnesskóla þar sem hann starfaði í þrjú ár áður en hann tók við skólastjórn Sjalandskóla.

Helgi hefur samið áhugavert og tímabært kennsluefni á sviði náttúrufræða. 1. hefti námsefnisins *Auðvitað* kom út árið 2001 og var síðan fylgt eftir með tveimur öðrum heftum. Kennsluefnið samþættir á afar áhugaverðan hátt eðlis-, efna- og jarðfræði fyrir miðstig grunnskóla. Í bókunum, sem taka mið af áherslum aðalnámskrár í náttúrufræði og umhverfismennt, eru margvísleg verkefni og mikill fjöldi ljósmynda og skýringarteikninga sem auðvelda nemendum skilning á fyrirbærum í náttúrunni og tengja þau við daglegt líf. Bækurnar eru vandaðar að allri gerð, vel skrifaðar og hafa mælst vel fyrir meðal kennara og nemenda. Efnið er einnig fánlegt á hljóðbók.

Hverju hefti *Auðvitað* bókanna fylgja greinargóðar kennsluleiðbeiningar sem auðvelda kennurum að nýta sér námsefnið og gera kennsluna fjölbreytta. Þar eru tilgreind markmið með einstökum námsþáttum, bent á kennsluhætti og leiðir til að nálgast efnið, ítarefni og tengingar við annað efni. Birtar eru lausnir allra verkefna sem nemendur eiga að leysa og ábendingar um framkvæmd tilrauna. Í leiðbeiningunum eru tillögur að viðbótarverkefnum og lýsing á því hvernig hægt er að nýta vettvangsferðir og leiki til að gera námið innihaldsríkara. Allt gerir þetta kennurum kleift að gera námsefnið fjölbreytt, áhugavert og skemmtilegt.

Árið 2008 kom út eftir Helga námsspilið *Fróðleikur* er tekur til námsgreinanna íslensku, landafræði, náttúrufræði og samfélagsfræði. Spilið byggir að mestu á almennri þekkingu og nýtist vel með námsefninu *Auðvitað*. Það er í þremur þyngdarstigum þannig að nemendur af ólíkum aldri geta spilað saman. Auk þessa hefur Helgi samið námsefnið *Skrifað í skrefum – ferlisritun* og fylgt því eftir með útgáfu forritsins *Söguslóð* þar sem nemendum er að kennt að tjá sig skýrt, greinilega og læsilega á persónulegan og áhugaverðan hátt. Forritið byggir á ferlisritun (process writing). Nemendur fá óteljandi skilgreiningar og hugmyndir til þess að þeir læri að skrifa sögur í mismunandi söguflokkum, þ.e. ævintýri, smásögur, spennusögur og sögur sem gerast á eyðieyju. Þeir eiga þess alltaf kost að sækja sér hjálp, s.s. skilgreiningar söguflokka, gátlista o.s.frv. Þessu til viðbótar hefur Helgi samið námsefni á sviði félagsstarfa og útivistar.

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á umhverfismennt sem mikilvægan þráð í skólastarfi og kennslu ólíkra námsgreina frá upphafi skólagöngunnar. Á síðustu árum hefur áhugi á umhverfismennt aukist hér á landi. Í henni felst viðleitni til að stuðla að bættum samskiptum mannsins við umhverfi sitt. Umhverfismennt byggir á markvissri fræðslu og menntun um umhverfið á öllum skólastigum. Henni er ætlað að auka þekkingu og skilning á umhverfinu, styrkja umhverfisvitund, efla siðferðileg gildi og færni til að greina orsakir og afleiðingar og til að bregðast við aðsteðjandi vandamálum. Það er mat dómnefndar að námsefnið *Auðvitað* falli mjög vel inn í þessar áherslur og stuðli að aukinni fjölbreytni í grunnskólum á sviði náttúrufræða umhverfismenntar. Helgi Grímsson er því verðugur handhafi menntaverðlaunanna 2009 í flokknum *Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi*.